

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Breytingin felur í sér að afmörkuð er rúmlega 1,8 ha athafnalóð við Baldursnes 10. Nýtingarhlutfall er 0,3, hámarksvegghæð 12 m og hámarkshæð 15 m. Deiliskipulagssvæðið stækkar jafnframt um 0,76 ha til norðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, B áfanga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, B áfanga.

Breytingin felur í sér að deiliskipulagssvæðið minnkar um 0,17 ha til norðausturs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 9. desember 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 9. desember 2025